



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 555

Sigríður Þórhildur Tómasdóttir

(1899-)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 555

Sigríður Þórhildur Tómasdóttir

Formáli

Sigríður Þórhildur Tómasdóttir var fædd í Reykjavík 4. júlí 1894. Foreldrar hennar voru þau Sigríður Lydia Thejll (1877-1943) og Tómas Helgason héraðslæknir (1863-1904). Afi Sigríðar í föðurætt var Helgi Hálfðánarson og amma hennar var Þórhildur Tómasdóttir (1835-1923). Bróðir Tómasar var Jón Helgasson biskup sem bjó á Tjarnargötu 26 og mikill samgangur þar á milli. Alsystkini Sigríðar voru þau Helgi (1896-) læknir, hann kvæntist Kristínu Bjarnadóttur og börn þeirra voru: Tómas, Ragnhildur, Bjarni og Brynjólfur og Ásta Þórdís (1900-) síðar Flygering, giftist Sigurði Flygering og börn þeirra voru Sigríður, Einar og Anna. Hálf systkini Sigríðar, sammæðra voru þau Erlendur og Sigrún, sem móðir hennar átti með seinni manni sínum Einari Erlendssyni arkitekt. Þau bjuggu í Skólastræti 5.

Þegar Sigríður var nýfædd var faðir hennar orðinn héraðslæknir í Vík Mýrdal og þegar Sigríður Lydia, móðir hennar, fór austur (sjá greinina *Dugmikil kona* í örk 4) var Sigríður skilin eftir hjá ömmu sinni Þórhildi Tómasdóttur og ólst þar upp. Þórhildur og Sigríður bjuggu í húsi Álfheiðar Helgadóttur Briem að Tjarnargötu 24. Sigríður fór í Kvennaskólanum, lærði hannyrðir og hljóðfæraleik. Sigríður fór til Danmerkur og ætlaði að læra hjúkrun en gat ekki lokið því vegna veikinda.

Sigríður giftist Guðmundi Friðriki Guðmundssyni þjóni og átti með honum soninn Sigurð Þóri (fæddur 17. janúar 1934 og andaðist 26. desember 2012). Sigríður og Guðmundur slitu samvístum. Eftir það fór Sigríður til Borðeyrar við Hrútafjörð. Þar tók hún að sér heimili Lýðs Sæmundssonar vegna veikinda konu hans og giftist síðar Sæmundi Þórarni Lýðssyni bónda þar. Þau fluttu suður eftir 1940 á Kópavogsbraut 4 og seinna í Hlíðartún í Mosfellsbæ.

Sigurður Þórir kvæntist Þóru Svanþórsdóttur (fæddri 19. júní 1936).

Sigríður Þórhildur Tómasdóttir andaðist 9. maí 1990.

(Heimildir: *Morgunblaðið*, 18. maí 1990, bls. 35 og rituð heimild frá Hildi Sigurðardóttur).

Afhending: Hildur Sigurðardóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Sigríðar Þórhildar Tómasdóttur 21. apríl 2015.

Innihald: Bréf, hjónavíglsbréf, vottorð, vegabréf, kaupsamningur, ljósmyndir o.fl.

Tími: 1910-1986.

Ættarsagan er skrifuð í bókina *Tómas Sæmundsson*, eftir Eggert Ásgeirsson, 2007.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1910-1986.

Örk 1

Bréfspjöld til Sigríðar Tómasdóttur frá Sigríði Lýdíu Thejll móður hennar, 24. desember 1911, líklega 4. júlí 1915 og án árs.
Bréf til Sigríðar Tómasdóttur frá Hagbarth Thejll afa hennar, 3. júlí 1926, 6. janúar 1931 og 6. desember 1937.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá Ástu Tómasdóttur systur hennar, líklega 1912.
Bréf til Sigríðar Tómasdóttur frá Helga P. Briem, 3. júlí 1923.
Jóla kort til Sigríðar Tómasdóttur frá Sigga Þór syni hennar, 1941.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá Lili, 17. júlí án árs.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá fröken Enggaard, 3. júlí 1924.
Bréfspjöld til Sigríðar Tómasdóttur frá mostre Anna og G, 1910 og 1927.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá tante, 13. ágúst 1926.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá Sigrúnu, 21. júní 1946.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá H., 7. júlí 1927 eða 1929.
Jóla kort til Sigríðar Tómasdóttur líklega frá Sillu, 22. desember 1927.
Nýárskort til Sigríðar Tómasdóttur frá Steinunni Sívertsen, 31. desember 1912.
Jóla kort til Sigríðar Tómasdóttur líklega frá Dúu, án árs.
Afmæliskort til Sigríðar Tómasdóttur frá Hálfðani, án árs.
Bréfspjald til Sigríðar Tómasdóttur frá Þóru Sigurðardóttur í 8. bekk, án árs.
Bréf til Sigríðar Tómasdóttur frá Friedu, 20. september 1974.
Vegabréf. Sigríður Þórhildur Tómasdóttir, 26. október 1942.
Reykjavíkurapótek. Lyfseðill frá Kristjáni Sveinssyni lækni fyrir Sigríði Tómasdóttur, 25. maí 1939.
Póstkort til Þórhildar Tómasdóttur frá Sigríði (Þórhildi Tómasdóttur?), 24. desember 1910.

Örk 2

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Ferðavottorð Sigríðar Tómasdóttur, 9. júní 1922.
Meðmæli um að Sigríður Tomasson hafi unnið á Tandklineken, 6. janúar 1925. Aftan á meðmælalabréfið er ritað: Fékk þessi meðmæli þegar ég var að sækja um að komast sem hjúkrunarnemi í „Næstved“ Amtsygehus.
Hjónavígslubréf. Sigríður Þórhildur Tómasdóttir og Sæmundur Þórarinn Lýðsson, 28. ágúst 1937.
Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging Sigríðar Tómasdóttur, 7. desember 1936.

Uppskriftabók Sigríðar Þ. Tómasdóttur. Fremst í hana er ritað: „Skrifað á matarnámskeiði hjá frk. Soffíu Skúladóttur 1933“.

Örk 3

Sæmundur Þórarinn Lýðsson.

Bólusetningavottorð. Sæmundur Þ. Lýðsson, 14. nóvember 1914.
Fæðingarvottorð. Sæmundur Þórarinn Lýðsson, 27. september 1929.
Nýárskort til Þórarins Lýðssonar frá J. Jónssyni, 5. janúar 1922.
Póstkort til Þórarins Lýðssonar frá Gunnu systur hans, 13. nóvember 1922, 1. janúar 1926 og án árs, 3 kort.
Bréf til Sæmundar Þórarins Lýðssonar frá Elínborgu Daníelsdóttur, móður hans, 3. mars 1926, 23. janúar 1935 og 20. júní án árs. Einnig bréf frá Elínborgu til tengdadóttur 14. júlí 1938.
Einkunnablað. Sæm. Þorsteinn Lýðsson lýkur fullnaðarprófi 1927.
Afmælisspjald til Þórarins Lýðssonar frá Ragnheiði Sæmundsdóttur, án árs.
Fermingarkort til Þórarins Lýðssonar frá Valdísi og Dísu T., 1927.
Póstkort til Þórarins Lýðssonar frá Jóni frænda hans, án árs.

Póstkort til Dodda (Þórarins Lýðssonar), frá Dísu frænku hans, án árs.

Kvittun fyrir útsvari, 20. apríl 1929.

Laugarvatnsskóli. Bréf, Sæmundi Þ. Lýðssyni er heimiluð skólavist næstkomandi vetur, 29. apríl 1929.

Bréf frá skólastjóra Laugarvatnsskóla, Jakobi Ó. Lárussyni, þar sem hann tilkynnir að seinkun verði á að skólahald hefjist, 16. júlí 1929.

Siðferðisvottorð, vegna Sæmundar Þórarins Lýðssonar, frá Bjarna Þorsteinsyni farkennara í Bæjarhreppsfræðsluhjæði í Strandasýslu, 15. september 1929.

Heilsufarsvottorð, vegna Sæmundar Þórarins Lýðssonar, 21. október 1929.

Kvittun fyrir einu eintaki af *Ljósberanum* (tímarit), 21. október 1929.

Reikningur fyrir heimavistargjöldum í Laugarvatnsskóla, 6. nóvember 1929 og 18. mars 1930.

Kvittun fyrir skólagjaldi, húsaleigu og rafmagni í Laugarvatnsskóla, 7. nóvember 1929.

Kvittun fyrir heimavistargjaldi í Laugarvatnsskóla, 18. mars 1930.

Símastjórinn Borðeyri. Meðmælabréf, 19. febrúar 1946.

Mosfellshreppur. Bréf og vottorð um að Þóririnn Lýðsson fái leigulóð í hreppnum, 24. september og 5. nóvember 1956.

Útdráttur úr uppgjörsbók Bæjarhrepps, uppboð á Borðeyri 15. september 1942, handskrifað.

Vöruúttektarmiði, líklega fyrir Jón Matthíasson, án árs.

Kaupsamningur. Kristmundur Jónsson selur Þórnari Lýðssyni Tómasarbæ á Borðeyri, 4. ágúst 1929, frumrit og afrit.

Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging Þórarins Lýðssonar, 29. janúar 1935, 22. nóvember 1936? og 8. janúar 1940.

Lóðarleigusamningur. Jón Jónsson leigir Þórnari Lýðssyni land, 25. mars 1939.

Kaupsamningur. Lýður Sæmundsson selur Þórnari Lýðssyni húseignina Lýðshús á Borðeyri, 16. apríl 1939.

Ljósrit af reikningi vegna uppgjör dánarbús fram til 14. febrúar 1969 og afrit af lista yfir skiptingu innbús og uppgjör.

Örk 4

Póstkort til Daníels Lýðssonar frá Dodda (Þórnari Lýðssyni), bróður hans, án árs.

Póstkort til Daníels Lýðssonar frá Gunnu, systur hans, 1. desember 1926.

Umslag er á ritað: *Daníel Lýðsson opnist ekki fyrr en eftir hans dag*. Í umslaginu eru fyrirmæli Daníels um ráðstafanir á eigum hans o.fl., án árs.

Póstkort til Þórunnar og barnanna frá pabba, án árs.

Póstkort til Tommy Tomason frá Astrid, 26. nóvember 1925.

Páll Línadal. *Dóttir Fjölnismannsins*, grein um Þórhildi Tómasdóttur, Húsfreyjan 3. tbl. 37. árg. 1986.

Ásta Tómasdóttir Flygering. *Dugmikil kona*, blaðagrein um ferð Sigríðar Lydíu Thejll til Víkur í Mýrdal, sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins líklega 30. janúar 1962.

Örk 5

Sigurður Þórir Guðmundsson.

Skírteini aukameðlina Dagsbrúnar, Sig. Þ. Guðmundsson, 30. maí 1951.

Sigurður Þ. Guðmundsson giftist Þóru Svanþórsdóttur, hér eru skjöl frá föður hennar Svanþóri Jónssyni (1912-).

Fæðingarvottorð Svanþórs Jónssonar, 28. febrúar 1947.

Hlutfélagið „Miðgarður“, skuldabréf tvö hundruð krónur, 15. júní 1943, 2 bréf.

Ljósmyndir

Myndaalbúm (lítið). Sigríðar Þ. Tómasdóttur, margar myndir eru merktar, líklega ca. 1915-1928.

Myndaalbúm (1). Sigríðar Þ. Tómasdóttur, sumar myndir eru merktar.

Myndaalbúm (2). Sigríðar Þ. Tómasdóttir, fremst í albúminu er miði sem á er ritað: Tjarnargata 24 og Sigríður Tómasdóttir ca. 1940, margar myndirnar eru merktar.

Myndaalbúm (3). Sigríðar Þ. Tómasdóttur, margar myndirnar eru merktar.

Umslag 1

Bekkjarmynd, 2. bekkur Kvennaskólans, Sigríður Þ. Tómasdóttir 14 ára.

Umslag 2

Ljósmynd, aftan á myndina er ritað: Helgi Skúlason í Odda.

Ljósmynd, aftan á myndina er ritað: Skúli og Dúa í Odda.

Umslag er með myndunum, á það er ritað: Börn Skúla Helgasonar, sonar Helga Hálfðánarsonar lektors sem var afi Sigríðar Tómasdóttur.

Umslag 3

Ljósmynd af Þórhildur (Hilda) Briem. Aftan á myndina ritar Hildur nokkur orð til móður sinnar. Á umslag sem myndin er í er ritað: Þórhildur (Hilda) Briem. Dóttir Páls Briem og Álfheiðar Helgadóttur (systir Tómasar Helgasonar, bjó á Tjarnargötu 24 þangað flutti amma með Þórhildi ömmu sinni). Hilda giftist síðar Teódór Líndal og eignaðist meðal annars Sigurð og Pál Líndal sem hafa skrifað um fjölskylduna.

Umslag 4

Ljósmyndir af Önnu Pétursdóttur ömmu Sigríðar Thejll (1853-1916) með barnabörnin 1914. Nöfn eru rituð aftan á myndina og einnig fylgir skrifað blað frá Hildi Sigurðardóttur með nöfnum o.fl.

Umslag 5

Ljósmynd af Sigríði Lydiu Thejll með barnabörnin 1938. Nöfn eru rituð aftan á myndina og einnig fylgir skrifað blað frá Hildi Sigurðardóttur með nöfnum o.fl.

Umslag 6

Ljósmynd af fjórum konum. Aftan á myndina er bréf til Ástu frá Gústu, án árs.

Umslag 7

Ljósmynd af fjölskyldu, aftan á myndina er ritað: Tómas Helgason, Sigríður Lydý, Sigríður og Helgi, 24. júní 1902.

Umslag 8

Þrjár ljósmyndir límdar á bréfspjald. Á miða sem fylgir frá Hildi Sigurðardóttur er ritað: Flygering börnin Sigríður, Erlendur, Ásta og Ágústa, (?) Árborg og Sigríður Tómasdóttir heldur á Siggu Flygering, án árs.

Umslag 9

Ljósmyndir af þrem konum, Sigríði Tómasdóttur 16 ára, Ástu Tómasdóttur 18 ára og K? Hov í Noregi sem var bréfavinkona Sigríðar Tómasdóttur frá því hún var 14 ára.

Umslag 10

Tvær ljósmyndir frá Hreðavatni, önnur af Ástu og Möggu og hin af Ellu. Ellu Hönnu og Ásdísi, 1950.

Umslag 11

Ljósmynd, t.v. Sigríður Þ. Tómasdóttir og Olga Benediktsdóttir, án árs.

Umslag 12

Tvær ljósmyndir. Á annari eru Lára Skúladóttir Norðdal, Pétur Jónsson, Sigurður Þ. Guðmundsson og Sigríður Tómasdóttir. Á hinni eru Fríða, Steinunn, Þórdís Jóna 4 ára og Sigga T, án árs.

Umslag 13

Ljósmynd af stúlkum í síldinni á Siglufirði líklega um 1930. Á miða sem fylgir frá Hildi Sigurðardóttur er ritað: Í síldinni á Sigló, Bergþóra Þorsteinsdóttir lengst t.v. og Sigríður Þorsteinsdóttir 4. f. v.

Ljósmynd af tveim konum. Á miða sem fylgir frá Hildi Sigurðardóttur er ritað: Sigríður Tómasdóttir t.v. og Sigríður á Hamrafelli.

Ljósmynd af tveim konum, ómerkt.

Umslag 14

Ljósmynd, aftan á myndina er ritað: Sigríður Tómasdóttir 12 ára.

Ljósmynd, aftan á myndina er ritað: Sigríður Þórhildur Tómasdóttir fædd 4. júlí 1894, 5 ára og Ásta Þórdís Tómasdóttir fædd 23. september 1900, 4 $\frac{3}{4}$ ára.

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: Sigga og Ásta.

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: Ásta og Sigga T, 14 og 15 ára.

Umslag 15

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: mamma Sigríður Thejll.

Umslag 16

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: Helgi Tómasson fæddur 25. september 1896, 8 ára.

Umslag 17

Ljósmyndir, aftan á þær er ritað: Tómas Helgason læknir, fæddur 8. júní 1863, 3 myndir.

Umslag 18

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: Þórhildur Tómasdóttir fædd 28. september 1835, dáið 1923.

Umslag 19

Ljósmynd, aftan á hana er ritað: Þórður Tómasson (Sæmundssonar), bróðir ömmu Þórhildar. Var læknir á Akureyri.

Umslag 20

Ljósmyndir, aftan á þær er ritað: Helgi Hálfðánarson, lektor, afi, 2 myndir.

Skráð í maí 2015
Gréta Björg Sörensdóttir